

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

31. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2025, föstudaginn 14. mars kl. 8:30, var haldinn 31. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Jónas Ólafur Skúlason, Eiríkur Valgeir Scott, Aníta Björk Pálínudóttir og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum, að gættri fundarboðun, að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:


1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 31. fund sveitarstjórnar
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
Varðandi styrkjамál – atvinnuþróunarstyrkur – sveitarstjórn leggur til að úthlutunarreglur verði kynntar í lok mars.
Sveitastjórn leggur til að skoðað verði með arkitektapjónustu að breyta og stækka samkomuhúsið í Súðavík, leggja fram áætlun og áætla umfang og kostnað.
Undir liðnum um áfangastaðaáætlun lagði sveitarstjórn til að Anne Berit Vikse verði skipuð sem fulltrúi Súðavíkurhrepps í ráðið.
Sveitarstjórn leggur til að taka sameiginlegan fund með skólustjóra um lausnir fyrir líkamsrækt í Súðavíkurskóla. Sveitarstjóra falið að boða þann fund.
2. Málefni verslunar – til kynningar fyrir sveitarstjórn
Varðandi málefni verslunar – vegna breyttra aðstæðna leggur sveitarstjórn til að rekstur verslunar verði auglýstur að nýju.
3. Byggðakvóti Súðavíkur 2024/2025 – staðfesting á úthlutunarreglum
 - a. Erindi vegna úthlutunar til krókaflamarksbáta í Súðavík –
Erindi hafnað, en úthlutun verði tryggð að 7 tonnum á bát að öðrum skilyrðum uppfylltum, alls 21 tonn.
 - b. Sveitarstjórn staðfestir óbreyttar reglur frá úthlutun fiskveiðiársins 2023/2024 með þeim breytingum sem varða magn til hvers flokks og að teknu tilliti til ábendinga Fiskistofu og Matvælaráðuneytis, með lönudarskyldu í Súðavík.
4. Erindi frá Raggagarði – Vilborg Arnarsdóttir, erindi dags. 8.2.2025
Sveitarstjórn samþykkir erindið og tekjur jákvætt í beiðni um starfsmann til Raggagarðs í sumar.

5. Tilnefning fulltrúa við gerð menningarstefnu – Skúli Gautason menningarfulltrúi Vestfjarða, erindi dags. 20.2.2025
Sveitarstjórn tilnefnir Dagbjörtu Hjaltadóttur sem fulltrúa Súðavíkurhrepps í gerð menningarstefnu Vestfjarða.
6. Tilnefning í fulltúa- og framkvæmdaráð velferðarþj. Vestfjarða – erindi dags. 11.2.2025
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar
Sveitarstjórn tilnefnir Selmu Guðmundsdóttir sem fulltrúa Súðavíkurhrepps í fulltrúa- og framkvæmdaráð.
7. Mótvægisáðgerðir við Óshlíð, erindi dags. 5.2.2025 og bréf til hafnaryfirvalda – Arnarlax hf., erindi dags. 14.2.2025
Eins og fram kemur í erindinu frá Arnarlax hafa umsagnaraðilar komist að því að siglingaröryggi sé ógnað með því kvíastæði sem getið er um við Óshlíð. Sveitarstjórn og hafnaryfirvöld í Súðavíkrhreppi telja mikivægt að siglingaröryggi verði ekki skert.
8. Fundargerðir og erindi til staðfestingar og kynningar:
964. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
 971. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
 - Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um ábyrgðaskiptingi – til kynningar


Fundargerðir kynntar og ræddar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:10




Bragi Þór Thoroddsen



Jónas Ólafur Skúlason



Eiríkur Valgeir Scott



Aníta Björk Pálinudóttir



Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti